

## FUNDARGERÐ

Fundargerð aðalfundar Stefnis hf. 20. mars 2012 í húsakynnum Arion banka hf. að Borgartúni 19, Reykjavík.

Fundur settur kl 16:00.

### I. Setning fundar og kjör fundarstjóra

Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri, setti hluthafafundinn.

Flóki bauð hluthafa og gesti velkomna á aðalfund Stefnis hf. Hann lagði til að Harald Gunnar Halldórsson yrði kjörinn fundarstjóri. Engar athugasemdir voru gerðar og HGH kjörinn fundarstjóri.

### II. Kjör fundarritara og fundur lýstur lögmætur

Harald tók við stjórn fundarins. Hann gerði þá tillögu að Kristbjörg M. Kristinsdóttir yrði kjörin fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri tók fram að mætt væri af hálfu beggja hluthafa félagsins á fundinn. Til fundarins væri boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélog og 7. gr. samþykkt félagsins. Fundurinn væri því lögmætur hluthafafundur.

Gengið var til dagskrár fundarins.

### III. Dagskrá fundarins

#### 1. Skýrsla stjórnar

Hrund fór yfir skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið ár. HR fór yfir afkomu, innri mál og framtíðarhorfur í rekstri félagsins.

#### 2. Staðfesting ársreiknings

Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri félagsins, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár.

Stefán Pétursson, mættur fyrir hönd Arion banka hf., spurði um rekstrarhorfur 2012. FH svaraði að árið færi vel af stað með góðri ávöxtun sjóða og auknum umsýslutekjum. Þróun á nýjum sjóðum sem höfða til fagfárfesta verður haldið áfram á árinu 2012. Fleira var ekki rætt undir þessum lið.

Fundarstjóri bar ársreikning Stefnis upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

#### 3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn. Gerð var tillaga um 700 milljón króna arðgreiðslu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### **4. Breytingar á samþykktum**

- a. Lagt er til að 1. mgr. 19. gr. samþykktta félagsins hljóði svo:

Þar sem ákvæði samþykktta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, *laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði*, laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykktar og var hún samþykkt einróma.

#### **5. Kosning stjórnar félagsins**

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í aðalstjórn félagsins:

Eggert Teitsson, kt. 190470-5129

Hrund Rudolfsdóttir, kt. 250369-2989

Kristján Jóhannsson, kt. 040151-7619

Snjólfur Ólafsson, kt. 200454-5299

Svava Bjarnadóttir, kt. 261064-3329

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í varastjórn félagsins:

Ásgerður Hrönn Sveinsdóttir, kt. 230568-5379

Gunnar Ingi Jóhannsson, kt. 240179-3349

Hörður Kvaran, kt. 251170-5419

Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir, kt. 050173-3219

Þórhallur Örn Guðlaugsson, kt. 100962-3659

Framboð ofangreindra aðila til setu í aðal- og varastjórn félagsins voru samþykkt.

#### **6. Kosning endurskoðenda félagsins**

Samkvæmt ákvörðun aðalfundar félagsins árið 2011 voru Ernst & Young kosnir endurskoðendur félagsins, til fimm ára. Því kom ekki til kosningar endurskoðenda á fundinum, sbr. 2. mgr. 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

#### **7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins**

Starfskjarastefna, sem var samþykkt á fundi stjórnar félagsins þann 22. febrúar 2012, var lögð fram og samþykkt.

## **8. Ákvörðun um þóknun stjórnar**

Ákveðið var að almennir stjórnarmenn, aðrir en starfsmenn Arion banka hf., fái greiddar 150 þús.kr. á mánuði fyrir störf sín og að stjórnarformaður fái greiddar 300 þús.kr. á mánuði. Varastjórnarmenn fái greiddar 50 þús.kr. fyrir hvern setinn fund í forföllum aðalmanns.

## **9. Önnur mál löglega borin fram**

Fundarstjóri spurði hvort stjórn félagsins eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Stefán Pétursson óskaði Stefni til hamingju með viðurkenningu á stjórnarháttum og öðrum jákvæðum fréttum um félagið sl. ár. Hann þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir góðan árangur á árinu 2011 og óskaði þeim áframhaldandi velfarnaðar.

Að þessu loknu var fundargerð lesin upphátt í samræmi við 5. mgr. 90. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri aðalfundi Stefnis hf. árið 2012 slitið kl 16.32

Reykjavík, 20. mars 2012

  
Harald Gunnar Halldórsson

fundarstjóri

  
Kristbjörg M. Kristinsdóttir

fundarritari